Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokks 02, félagsmál verði um 129 m.kr. Það er minna en á þessu ári sem stafar fyrst og fremst af áætlaðri hækkun á tekjum vegna málefna fatlaðs fólks. Tekjur 2011 voru áætlaðar 185 m.kr. en eru áætlaðar 241 m.kr. á næsta ári sem er nálægt raunkostnaði.

Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar á sviðinu. Í fyrsta lagi vegna tilkomu málefna fatlaðra og samþættingu þess málaflokks við starfsemi bæjarins. Í öðru lagi hafa deildir sem flokkast undir félagsþjónustu verið fluttar af málaflokk 53 Hlíf inn á sviðið og í þriðja lagi hefur nokkrum starfsmönnum verið skipt upp á deildir til að sýna betur raunkostnað við hverja deild samhliða því að breytingar hafa komið til vegna uppskiptingar Skóla- og fjölskyldusviðs í tvö svið.

**02-01 Félagsmálanefnd**

Óbreytt, gert ráð fyrir 14 fundum.

**02-02 Félagsmálasvið**

Í framhaldi af uppskiptingu Skóla- og fjölskyldusviðs þurfti að búa til deild fyrir sameiginlegan kostnað. 02-02 verður fyrir Fjölskyldusvið. 32% af stg. deildarstjóra og 5% af stg. sviðsstjóra fært yfir á 02-51.

Breyting gerð á ræstingu. Lækkar kostnað um c.a. kr. 479.000 á árinu (annað eins á 04-02).

**02-11 Fjárhagsaðstoð**

Áætlun miðast við stöðu þessa árs. Lækkun um c.a. eina milljón. Breytingar á reglum um sérstakar húsaleigubætur hafa að hluta áhrif á þetta.

**02-18 Húsaleigubætur**

Áætlun miðast við stöðu þessa árs. Sérstakar húsaleigubætur, hækka lítillega.

**02-30 Barnaverndarnefnd**

Óbreytt, gert ráð fyrir átta fundum.

**02-31 Barnavernd**

Samið um afnám greiðslna fyrir útköll á bakvakt. Kr. 295.000,-. Samið um afnám yfirvinnu tilsjónar kr. 590.000,-. 20% stg. deildarstjóra í barnavernd fært yfir á 02-51 kr. 1.316.763,-.

**02-40 Þjónustuhópur aldraðra**

Óbreytt.

**02-41 Vinnustofa, Ísafirði**

Breyta fyrirkomulagi á samsetningu launa hjá forstöðumanni vinnustofu. Föst yfirvinna verði afnumin en þess í stað greitt fyrir útköll. Grunnlaun endurskoðuð.

**02-42 Félagsstarf aldraðra, Flateyri**
Óbreytt.

**02-43 Félagsstarf aldraðra, Þingeyri**
Lækkun á stg. um 5% frá 1. janúar 2012, kr. 57.000,-.

**02-44 Heimaþjónusta**
Bætt var við 75% stöðugildi á þessu ári vegna aukinnar þarfar fyrir þjónustu (Fór fyrir félagsmálanefnd og bæjarstjórn). Jafnframt var 60% stöðugildi deildarstjóra, sem áður var skráður starfsmaður á Skóla- og fjölskylduskrifstofu, fært yfir á heimaþjónustu.

**02-46 Hlíf, dagdeild**
Stöðugildi deildarstjóra lækkað um 80% á árinu 2011. Deildarstjóri hefur fimm yfirvinnutíma fast í mánuði og vinnur þá alla. Samsetning launa verður endurskoðuð, líkast til bætt við prósentuhlutfall starfsins og yfirvinna afnumin.

**02-47 Suðureyri, dagdeild**
Ekkert gert frekar. Stöðugildum fækkað á árinu 2011 um 40%.

**02-51 Málefni fatlaðra, sameiginlegt**
Ekki var ráðið í starf ráðgjafa á fullorðinssviði í 80% stöðugildi (hætti 1. júní 2011). Fullnýtt 2,02 stöðugildi í stjórnun á fötlunarsviði þannig: Sviðsstjóri 50%, ráðgjafi í fötlunarþjónustu 100%, deildarstjóri félagsþjónustu 32%, deildarstjóri í barnavernd 20%. Lækkar hlutf. stg. sem þessu nemur á viðkomandi deildum.

Inni á þessum lið eru jafnframt tvö 70% stöðugildi starfsmanna í Vesturafli þ.e. laun forstöðumanns og starfsmanns. Laun þeirra greiðast af BsVest.

**02-52 Félagsleg liðveisla**
Gert ráð fyrir að kostnaður lækki lítillega vegna fækkunar á yfirvinnutímum.

**02-54 Ferðaþjónusta fatlaðra**
Samningur er vísitölutengdur, því gert ráð fyrir hækkun. Jafnframt er gert ráð fyrir að gjaldtaka hefjist vegna aksturs fyrir öryrkja 18 ára og eldri og aldraðra. Þetta verður boðið út á árinu.

**02-55 Frekari liðveisla**
Fjárhagsáætlun frekari liðveislu fyrir árið 2012 er kr. 19.561.080,-. Til samanburðar voru rauntölur rekstrar árið 2010 hjá Svæðisskrifstofu kr. 21.430.279,- en áætlun Svæðisskrifstofu fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir kr. 20.076.537,-.
Sótt um kr. 1.895.707,- í BsVest vegna 39% stg. í þrjá mánuði. Sótt um kr. 79.081,- BsVest vegna 8% stg. í tvo mánuði.

**02-56 Búseta, Sindragötu, Fjarðarstræti, Stórholti**

Fjárhagsáætlun búsetu (fimm einingar) fyrir árið 2012 er kr. 109.319.357,-. Til samanburðar má geta þess að hjá Svæðisskrifstofu voru rauntölur rekstrar fyrir árið 2010 kr. 80.976.676,- en fjárhagsáætlun Svæðisskrifstofu fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir kr. 83.260.948,-.

Sótt um í BsVest vegna launakostnaðar forstöðumanns frá 9. janúar til 28. febrúar **kr. 1.178.879,-.**

**02-57 Skammtímavistun**

Fjárhagsáætlun skammtímavistunar fyrir árið 2012 er kr. 44.817.722,-. Til samanburðar má geta þess að hjá Svæðisskrifstofu voru rauntölur rekstrar fyrir árið 2010 kr. 45.118.499,- en fjárhagsáætlun Svæðisskrifstofu fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir kr. 39.950.393,- í rekstri.

**02-58 Hvesta**

Fjárhagsáætlun Hvestu fyrir árið 2012 er kr. 30.625.359,-. Til samanburðar má geta þess að hjá Svæðisskrifstofu voru rauntölur rekstrar fyrir árið 2010 kr. 31.844.251,- en fjárhagsáætlun Svæðisskrifstofu gerði ráð fyrir kr. 28.928.448,- í rekstri árið 2011.

## 04 - Fræðslumál

**04-02 Skólaskrifstofa**

Talkennari verður í fæðingarorlofi frá 1. maí (sennilega fyrr) vegna barnsburðar og því lækkar launakostnaður vegna hans. Á móti kemur að kaupa þarf einhverja þjónustu talkennara haustið 2012. Skólasálfræðingur hefur sagt upp, skoða þarf það mál en kaupa þarf þjónustu. Þá er búið að flytja Ráðgjafa barna (Leikskólafulltrúa/skólafulltrúa) á sviðið af 02

**04-11 Eyrarskjól**

Börnum í sveitarfélaginu fer fækkandi og tölur gefa okkur til kynna að ekki munu koma inn 40 börn (sem náð hafa aldri) inn á leikskólann næsta sumar í stað þeirra sem fara út í vor. Gert er ráð fyrir því að fækki um einn starfsmann næsta sumar og fækkun barna á yngstu deildinni verði 2-4 börn. sparnaður í launum um kr. 1.5 m.kr. árið 2012 en tæpar fjórar milljónir á ársgrundvelli. Búið er að ná hluta af þessu nú þegar.

**04-12 Sólborg**

Sólborg hefur haft tvö stöðugildi í afleysingar og auk þess sem aðstoðarleikskólastjóri er ekki skilgreindur deildastjóri á deild líkt og á Eyrarskjóli þannig að starfsmenn til afleysingar hafa verið þrír.

Ekki hefur verið um afleysingu að ræða á Eyrarskjóli. Á Sólborg hafa verið mikil veikindi (langvarandi) og því hefur aðstoðarleikskólastjóri verið deildarstjóri en að auki hefur ekki verið ráðið í eina afleysingarstöðu sem losnaði. Með fækkun barna líkt og á Eyrarskjóli, minnkun á afleysingarstöðum og þeirrar staðreyndar að skjólstæðingar annars stuðningsfulltrúans útskrifast í vor er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda kennara og stuðningsfulltrúa um 3,25 og jafnvel meira ef mikil fækkun verður á börnum. Búið er að fækka um rúmlega tvær stöður nú þegar með því að ráða ekki í það sem hefur losnað og því er vonast til að komist verði hjá uppsögnum.

**04-16 Grænigarður**

Engar breytingar fyrirsjáanlegar á Grænagarði nema þá helst fjölgun barna. Bætt var við ½ stöðugildi nú í nóvember.

**04-18 Laufás**

Í minni leikskólunum er hlutfallslega mun meiri hreyfing á starfsfólki og börnum og hafa leikskólastjórar verið mjög duglegir við að gera breytingar eins og þarf og ekki hefur verið um neina ofmönnun þar að ræða. Á Laufási eru uppi hugmyndir um að gera breytingar á ræstingunni þannig að uppmælingin sé minni og ætti að sparast um kr. 500 þ.kr. við það.

**04-19 Tjarnarbær**

Á Tjarnabæ er fyrirséð fækkun barna seinni hluta árs 2012 og því mun fækka þar um eitt stöðugildi. Við það sparast um 1,65 m.kr.

**04-21 Grunnskólinn á Ísafirði**

Ráðinn var sérfræðingur til að sinna sérstakri kennslu nú í ágúst og gera þarf ráð fyrir honum fyrri hluta árs 2012. Þá á að vera hægt að fækka um tvo stuðningsfulltrúa (1,4 stöðugildi) næsta haust vegna nemenda sem eru að útskrifast. Þá er gert ráð fyrir að frímínútnagæsla flytjist að stórum hluta yfir á skólaliða. Líklegt er að segja þurfi einhverjum kennurum upp vegna fækkunar barna fyrir næsta vor. Það ræðst af þeim kennslustundum sem skólanum verður úthlutað. Sá sparnaður kemur hinsvegar ekki til fyrr en eftir árið 2012 þar sem um biðlaunarétt er að ræða.

Sveitarfélagið þarf að móta sér framtíðarsýn vegna fræðslumála og skýrslu HLH sem kemur í desember. Ekki er hægt að fara í miklar breytingar í grunnskólum fyrr en í vor þannig að við höfum tíma fram í febrúar.

**04-22 Dægradvöl**

Ekki gert ráð fyrir breytingum. Umsjónarmaður er í 87,5% starfi í 9,5 mánuði, leiðbeinandi og stuðningsfulltrúar (vegna fatlaðra barna) samtals fjórir starfsmenn. Þrír af þessum starfsmönnum eru í 37,5% starfi í 9,5 mánuð. Áður voru stuðningsfulltrúar færðir á félagssviði undir liðveislu fatlaðra barna sem skýrir hækkun launa hér.

**04-26 Grunnskóli Önundarfjarðar**

Hér hefur nemendum verið að fækka mikið og næsta haust verða þeir einungis 18-19. Gert er ráð fyrir að hægt sé að spara um ½ stöðugildi seinni hluta árs en meiri fækkun kennara kostar biðlaun og því næst ekki meiri sparnaður árið 2012 þó svo farið yrði í uppsagnir.

**04-28 Grunnskólinn á Þingeyri**

Í Grunnskólanum á Þingeyri á að nást sparnaður upp á 300.000 kr. vegna frímínútnagæslu. Ef fækka þarf kennurum á viðkomandi sennilega biðlaunarétt. Sparnaður kæmi því ekki fram fyrr en árið 2013.

**04-29 Grunnskólinn á Suðureyri**

Í Grunnskólanum á Suðureyri er gert ráð fyrir breytingu á ræstingu líkt og gert hefur verið í hinum skólunum þremur. Ræstingunni verður sagt upp og ráðinn í staðinn skólaliði sem mun þá einnig sinna húsvörslu sem skólastjóri hefur fengið greitt fyrir. Þá hefur skólastjórinn á Suðureyri einn skólastjóra staðaruppbót kr. 98.800 sem gert er ráð fyrir að segja upp. Hagræðing á að nást í frímínútnagæslu

með tilkomu skólaliða. Líklegt er að einhver kennslustundaminnkun verði hér líkt og í öðrum skólum en þá er sennilega um biðlaunarétt að ræða.

**04-51 Tónlistarskóli Ísafjarðar**

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi en einnig koma um sjö m.kr. í tekjur vegna þátttöku ríkisins í rekstri skólans. Bókað á jöfnunarsjóð

Hugmyndir uppi um að koma á einhverskonar kerfi við kennslustundaúthlutun eins og í öðrum skólum þannig að skýrt sé fyrir hvað bærinn sé að greiða. Það þarf að ræða í fræðslunefnd.

Framlag til TÍ í stöðugildum er óbreytt frá seinni hluta 2011.

## 05 – Menningarmál

**05-21 Bæjar- og héraðsbókasafn**

Gert er ráð fyrir innleiðingu Gegnis á árinu 2012 sem hefur í för með sér fjárfestingu og aukningu í kostnaði við útlánakerfi en þegar litið er til framtíðar hefur innleiðing kerfisins í för með sér hagræðingu.
Kominn er tími á endurnýjun á elsta hluta tölva í húsinu og gert ráð fyrir að hefja þá endurnýjun á árinu.
Gert er ráð fyrir að hefja sölu á smáhlutum sem tengjast barnabókmenntum líkt og tíðkast í nokkrum söfnun á landinu, hugmyndin er að koma upp lítilli safnabúð í húsinu þar sem seldir verða smáhlutir/minjagripir sem tengjast húsinu og söfnunum sem þar eru.
Opnunartíma hússins var breytt 2011 sem minnkaði álagsgreiðslur og gert er ráð fyrir að breyting á vinnutíma þýði minni yfirvinnugreiðslur.

**05-31 Héraðsskjalasafn**

Í frumvarpi að fjárlögum 2012 var gert ráð fyrir framlagi til safnsins frá menntamálaráðuneyti í gegnum Þjóðskjalasafn. Um er að ræða kr. 6.000.000.- og gerum við því ráð fyrir að geta haldið áfram með ríkisverkefni sem hófst á árinu 2011. Fari tillagan óbreytt í gegn þýðir þetta að við getum haldið 1.8 stöðugildi í vinnu fram á næsta sumar.
Ljóst er að framlag ríkisins til skjalasafna kemur ekki til með að hækka og því gert ráð fyrir að það verði einungis kr. 500.000.- á árinu 2012 sem er sú upphæð sem kom 2011 en árin á undan fékk safnið að jafnaði kr. 1.000.000.-

**05-32 Ljósmyndasafn**

Sótt var um verkefnastyrki í safnasjóð auk rekstrarstyrkjar. Gert er ráð fyrir 2 stórum sýningum í samstarfi við aðra á Gamla sjúkrahúsinu með aðkomu safnsins auk þess sem gera á átak í skönnun og birtingu ljósmynda sem ekki eru þekktar. Þá var sótt um styrk til að halda ljósmyndanámskeið fyrir börn.
Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna prentunar póstkorta með myndum frá safninu (sem gefa tekjur á móti) sem og kaupum á ýmsum smávörum og prenti vegna fyrirhugaðra sýninga.

Stefnt er að því að ljúka stefnumörkun til framtíðar fyrir húsið í heild á árinu 2012 en markmiðið er að auka starfsemina í húsinu og gera það að lifandi menningarhúsi jafnt sumar sem vetur sem vonandi kemur til með að skila sér í aukinni aðsókn og tekjum.

## 06 - Íþrótta- og tómstundamál

### 06-27 Vinnuskóli

Gert er ráð fyrir fækkun barna m.v. þróun þessa árs og þ.a.l. fækkun flokkstjóra um einn er gert ráð fyrir hagræðingu um eina milljón til viðbótar.

### 06-31, 32, 36, 38 og 39 Félagsmiðstöðvar

Ekki er búið að gera neinar breytingar á starfssemi félagsmiðstöðva. Þeir sem hér vinna eru ráðnir í tímavinnu allir nema einn og fá því einungis greitt fyrir unna tíma. Það væri ef til vill hægt að setja þau á föst laun en þá væru þeir á föstum launum með álagi.

### 06-51 Íþróttahúsið á Torfnesi

Hér og í öllum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins hefur verið hagrætt verulega síðustu ár og eru allir starfsmenn á vöktum. Opnunartími hefur eitthvað verið minnkaður og starfsfólki fækkað á vöktum. Nú er svo komið að þeir þrír starfsmenn sem vinna í húsinu ná ekki 173,33 tímum á mánuði og því verða þeir eitthvað nýttir í Sundhöllinni í vetur. Þetta skekkir launaáætlunina eitthvað. Þá hætti umsjónarmaður eigna á árinu og rekstur mannvirkjanna var fluttur á skóla- og tómstundasvið.

Ráðið var í 50% stöðu forstöðumanns og eru laun hans enn sem komið er öll færð á Sundhöllina. Þá hagræðingu sem búið er að setja hér snýr að sumarafleysingarmönnum og er þá gert ráð fyrir að húsið loki í 4-5 vikur (2 m.kr. sparnaður) og enginn sumarstarfsmaður ráðinn á völlinn. HSV hefur óskað eftir því að fá að reka íþróttahúsið á Torfnesi, vallarhúsið og völlinn. Ef af því verður verða töluverðar breytingar á launaáætluninni.

### 06-55 Sundlaugin við Austurveg

Inn í áætlunina hefur verið sett sumarlokun í 4-5 vikur. Sparnaður vegna þess er sem nemur tveimur sumarstarfsmönnum eða um 1,6 milljón á móti kemur að stöðugildi forstöðumanns sem flutt var frá eignasviði er komið þarna inn.

Hér mun launakostnaður ekki minnka mikið þó svo gert sé ráð fyrir lokun í 4-5 vikur og ekki ráðnir sumarstarfsmenn. Hér er verið að færa stöðugildi forstöðumanns. Þó næst hagræðing með því að minnka yfirvinnu en auka álagsgreiðslur. Þarf reyndar að skoða þessa áætlun betur í ljósi ýmissa breytinga sem orðið hafa á síðustu vikum og er það í vinnslu.

### 06-56 Íþróttamiðstöðin á Flateyri

Á Flateyri er búið að gera ráð fyrir sumarlokun í 4-5 vikur og einungis einn sumarafleysingamaður verði næsta sumar í stað tveggja. Eini starfsmaðurinn í dag á inni mjög mikið sumarfrí þar sem hann var í veikindaleyfi allan síðasta vetur og fram á haust.

### 06-58 Íþróttamiðstöðin á Þingeyri

Á Þingeyri er verið að gera ráð fyrir 4-5 vikna lokun og minnkuðum opnunartíma yfir veturinn en opnun hefur verið mun meiri á Þingeyri en annarstaðar. Sumarstarfsmaður verður þó að vera þar sem tjaldstæðið er rekið með og því þurfa alltaf að vera tveir á vakt. Hér væri líka möguleiki að fá vinnuskólakrakka á mesta álagstímanum til að sinna öðru en laugargæslu.

**06-59 Íþróttamiðstöðin á Suðureyri**
Líkt og í öðrum sundlaugum er verið að gera ráð fyrir lokun í 4-5 vikur og minnka þannig afleysingu yfir sumarmánuði.

## 07 - Bruna- og almannavarnarmál

Í grófum dráttum er þarna fjórþætt starfsemi.

1. Sjúkraflutningar, þar eru tekjur frá HSI upp á um 19,3 m.kr. á ári. Við skuldbindum okkur til að vera með 2 menn á vakt allt árið.
2. Öryggis- og brunavöktunarþjónusta þ.e. hnappar og vöktun brunakerfa fyrirtækja og stofnana. Stærsti hluti teknanna er vegna hnappa á Hlíf. Beinar tekjur vegna þessa eru um 7 m.kr. á ári en gert er ráð fyrir að auka þær um 2 m.kr.
3. Slökkvitækjaþjónusta. Þar er farið yfir og fyllt á slökkvitæki. Tekjur vegna þessa eru áætlaðar um 3 m.kr. á ári.
4. Þessu til viðbótar sinnir slökkviliðið almannavörnum og eldvarnareftirliti.

Launakostnaður skiptist þannig að 4 menn eru í fastri vinnu í 4 stöðugildum. Því til viðbótar eru 3 starfsmenn hver í ca. 0,15 stg. á FEY, ÞEY og SEY s.k. liðsstjórar. Svo er greitt fyrir útköll og æfingar auk þess að í mörg ár hefur verið greitt fyrir s.k. helgarvaktir á sumrin. Þ.e. til að tryggja að liðið hafi aðgang að liðsmönnum er 4-6 mönnum greitt um 20 þ.kr. fyrir helgina fyrir það að fara ekki úr bænum mestu ferðamannahelgarnar og mæta í staðinn á æfingar.

Þessu til viðbótar hefur öllum verið greitt 30 tíma í FY og slökkviliðstjóra 50 tíma. Um kvöld og helgar eru þrír á starfsmenn á bakvakt. Tveir á sjúkrabíl og einn vegna öryggishnappa og brunakerfa. Hver bakvaktarstarfsmaður kostar um 5 m.kr. á ári fyrir utan útköll.

Fyrir næsta ár er búið að segja upp fastri yfirvinnu starfsmanna og lækka yfirvinnu slökkviliðsstjóra um 50%. Annað er óbreytt. Tekjur af samningum vegna öryggishnappa- og brunakerfa eru nú um 580 þ.kr. á mánuði. Við erum því að hafa upp í breytilegan kostnað vegna þessarar starfsemi. Jafnframt eru nokkur tilboð úti og vonir standa til að tekjur verði orðnar um 900-1000 þ.kr. á mánuði.

Að auki þarf að greiða fyrir útköll en þau voru í fyrra sbr. töflu hér að neðan.

| YV | Fj | Tímar | Menn | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Útköll sjúkrabíll | 105 | 4 | 2 | 840 | |
| Útköll æfingar | 1 | 24 | 30 | 720 | |
| Útköll bruni | 8 | 4 | 10 | 320 | 1600 |
| YV námsk | 2 | 10 | 5 | 100 | 1600 |
| YV hnappar | 10 | 4 | 1 | 40 | 1600 |
| | | | | 2020 | |

## 08 – Hreinlætismál

Allur kostnaður vegna sorps er bókaður á þetta. M.a. millifærsla (húsaleiga) um 10 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur fasteignar Funa. Stærsti kostnaðarliðurinn er samningurinn við Kubb um

sorphirðu og förgun. Kostnaður vegna hans er annarsvegar fastur og hinsvegar breytilegur. Við höfum reynt að meta breytilegan kostnað út frá rauntölum fyrir 2011 en ljóst er að aðeins lítill hluti af fyrirtækjasorpi fer þarna í gegn sem lækkar bæði tekjur og gjöld af þessum málaflokk.

Ekki er gert ráð fyrir að sorpgjald hækki.

Heilbrigðiseftirlit kostar um 3,7 m.kr. Þar hefur gjaldskrá verið hækkuð um 9% sem á að skila okkur auknum tekjum. Fjárhæðir vegna þessa eru út frá fjárhagsáætlun HV.

Á þessum málaflokk er einnig dýraeftirlit og meindýraeyðing.

## 09 – Skipulagsmál

Gert er ráð fyrir að málaflokkurinn kosti um 19,3 m.kr. sem er lækkun frá fyrra ári um 4 m.kr. Stærsti hlutinn er laun og millifærð þjónustua.

Laun JBH komin inn á sviðið af Fastís 80/20 var 60/40.
Lækkun milli umræðna er að landupplýsingakerfi að upphæð 1,5 millj. er sett með öðrum tölvukaupum.

Viðhald í samstæðu 2011 var 170 m.kr. (raun 2011) er 144 í áætlun fyrir 2012. Mestu munar um malbik. Þ.e. ekki er gert ráð fyrir að malbika.

Rafmagns og hitakostnaður er áætlaður 84,2 millj. þar af er hitakostnaður 40 millj. og rafmagn 44 m.kr. Kostnaður við lýsingu gatna er ríflega 13 millj. Viðhaldskostnaður er áætlaður 4,6 millj. eða 36% kostnaðar sem er 99,45 kr. pr. uppsett afl.

Fasteignauppkaup eru vegna húsa á Seljalandsvegi sem kaupa þarf upp vegna ofanflóðavarna.

## 10 – Umferðar og öryggismál

Milli umræðna hefur gatnagerðargjald verið lækkað úr 12 m.kr. í 1,5 m.kr. þar sem sveitarfélagið á að leggja til lóð undir hjúkrunarheimili endurgjaldslaust.

Ekki er gert ráð fyrir malbikun gatna sem voru um 30 m.kr. á þessu ári og einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að lækka útgjöld vegna almenningssamgangna sem skiluðu sér bara seinni helmings 2011. Bjóða þarf út skólaakstur og almenningssamgöngur í upphafi næsta árs og vonandi munu verðin haldast svipuð og nú er.
Götulýsing, OV hefur hækkað viðhaldsgjaldskrá sína um 50% Ekki er hægt að fara ódýrari leið.
Snjómokstur, erum aðeins að lækka þann lið milli ára.
Vetrarsamgöngur eru endurgreiðsla frá Vegagerðinni.

## 11 Umhverfismál

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í þessum málaflokki, kostnaður þó 4-5 m.kr. lægri en árið 2011. Þar af eru tvær m.kr. í lækkun á mf. þáttöku í sameiginlegum kostnaði. Gert er ráð fyrir að ráða sumarstarfsfólk í garðyrkjuvinnu og aðkeyptri þjónustu fyrir almenningsgarða.

## 13 - Atvinnumál

Málaflokkurinn er svipaður á milli ára. Helstu útgjaldaliðir eru Upplýsingamiðstöð Vestfjarða .

**13 01 Atvinnumálanefnd.**
Óveruleg breyting í takt við fjölda funda.

**13 09 Atvinnumál almennt.**
Mestu munar um greiðslu til AtVest vegna atvinnustefnu 1 m.kr.

**13 22 Fjallskil**
S.l. ár höfum við þurft að greiða fyrir smölun í Arnarfirði um 350 – 400 þ.kr.

**13 24 Fjárgirðingar**
Óveruleg breyting

**13 25 Fjárréttir**
Áhaldahús þarf að vinna aðeins í kring um þetta, fara með færanlega rétt.

**13 31 Búfjáreftirlit.**
Stærsti liðurinn er búfjáreftirlitsmaður. Áætluð greiðsla á næsta ári er 500 þ.kr. Ekki í áætlun 2011.

**13 62 Tjaldsvæði**
Gert ráð fyrir að bjóða tjaldsvæðið út, samþ. í bæjarráði 7/12 2011. Gert ráð fyrir að niðurstaða verði sama og 2011.

**13 63 Upplýsingamiðstöð**
Hækkar úr 8,3 m.kr. í áætlun fyrir 2011 í 10,3 m.kr. í áætlun fyrir 2012. Skýringar eru í öðrum rekstrarkostnaði, hækkun á húsaleigu, húsgjaldi í Edinborg og svo áætluðum lægri tekjum í takt við sölu 2011.

**13 80 Styrkir og framlög til ferðamála**
Aðallega Markaðsstofa Vestfjarða

## 21 - Sameiginlegur kostnaður

Málaflokkurinn hækkar úr um 20 m.kr. á milli ára. Mestu munar um Lífeyrisskuldbindingar sem hækka um 28 m.kr. á milli ára.

**21 01 Bæjarstjórn**
Hækkar um 900 þ.kr. sem er í takt við launahækkanir og rauntölur fyrir árið 2011 en jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður vegna ferða bæjarfulltrúa verði færður allur á bæjarstjórn nema bifreiðastyrkir

vegna funda, ekki á bæjarráð. Það er gert til einföldunar. Bæjarráð lækkar sem því nemur. Annar rekstarkostnaður er lækkaður verulega frá árinu 2011.

**21 02 Bæjarráð**
Nefndarlaun eru lækkuð frá áætlun í fyrra í takt við rauntölur 2011. Lækkar á milli áætlana, skýringar þær að áætlaðir eru færri fundir í takt við 2011. Að auki er rekstrarkostnaður lækkaður m.v. rauntölur 2011 og að einhverju leyti færður á bæjarstjórn

**21 03 Ýmsar nefndir**
Sorpnefnd og nefnd um hjúkrunarheimili. Ekki gert ráð fyrir mörgum fundum. En gert er ráð fyrir að fundir byggingarnefndar um hjúkrunarheimili verði færðir á byggingarreikning hjúkrunarheimilis. Þ.e. fjárfesting

**21 07 Endurskoðun**
Hækkun um 500 þ.kr.

**21 15 Alþingiskosningar**
Ekki gert ráð fyrir kosningum

**21 40 Bæjarskrifstofur**
Gert er ráð fyrir að kostnaður lækki um 7 m.kr. á milli áætlana. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði um 10 m.kr. lægri en á þessu ári. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir aukningu um 1 stg. á skrifstofu þar sem að langvarandi veikindi hafa gert það að verkum að mikið uppsafnað sumarfrí ákveðinna starfsmanna er til staðar og óvíst hvenær leysist úr veikindum núverandi starfsmanna. Ekki er þó víst að þetta verði notað að fullu.

Millifærslur hafa verið yfirfarnar og hækkaðar nokkuð eða um 13 m.kr. Fyrirhugað er að endurskoða stefnu bæjarins varðandi millifærslur í upphafi nýs árs.

Stefnt er að lækkun á rekstarkostnaði m.v. rauntölur ársins 2011 þannig að hann verði í takt við áætlanir ársins 2011. M Póstburðargjöld, akstur, innheimtuþjónusta, sérfræðiþjónusta hverskonar og þjónusta Símaversins.

**21 51 Risna og gjafir.**
Lækkar á milli ára og verður 250 þ.kr

**21 60 Starfsmannakostnaður**
Eftirlaun eins maka. Auk framlaga bæjarins í starfsmenntasjóðs starfsmanna þ.e. námsstyrkir til starfsmanna.

**21 64 Lífeyrisskuldbindingar**
Reiknaðar stærðir skv. áætlun 72 m.kr. hækkun um tæpar 30 m.kr. á milli ára.

**21 65 Kjarasamningar**
Ekki gert ráð fyrir mikilli vinnu í kring um það

**21 71 Fjórðungssamband Vestfirðinga**
Skv. áætlun þeirra, skiptist á milli Atvest 2,4 m.kr. Markaðsstofu 1 m.kr. og FV. 2,6 m.kr.
Einnig er gert ráð fyrir 4 m.kr. aukaframlagi til AtVest þó að það hafi ekki verið samþykkt að taka þátt í þeirri aukningu.

**21 75 Vinarbæjarsamskipti**
Vinarbæjarmót hér á Ísafirði á næsta ári.

**21 81 Ýmsir styrkir og framlög**
Viðlagatrygging 5,1 m.kr.
Önnur framlög lækkuð í 3,5 m.kr. Hér mætti fella niður staðgreiðsluafslátt af fasteignagjöldum og þrengja reglur um endurgreiðslu fasteignagjalda. Að auki styrkur til stjórnmálaflokka.

## 31 - Eignasjóður

ATH mest reiknaðar stærðir, við þurfum að endurskoða húsaleigu þar sem að þetta er rekið með tapi. Það hefur þó ekki áhrif á niðurstöðu samstæðu.

Viðhald Eignasjóðs verður 48 m.kr. á árinu 2012.
Skoða þarf laun þar sérstaklega, hlutfallslega mikil föst yfirvinna.

## 33 - Áhaldahús

Nú þegar er búið að fækka um tvo starfsmenn og í byrjun næsta árs munu tveir starfsmenn áhaldahússins láta af störfum vegna aldurs.

Með því að fella út orlof af fastri yfirvinnu, að starfsmenn áhaldahúss fái fasta 25 yfirvinnustundir á mánuði, aðrar smávægilegar breytingar ásamt því að starfsmaður áhaldahúss hættir störfum fyrr en áætlað var má gera ráð fyrir að launakostnaður lækki um 7,6 millj. frá þeirri áætlun sem lögð hefur verið fram.

## 41 – Höfnin

Áætlun Hafnarsjóðs gerir ráð fyrir 15,5 m.kr. hagnaði af starfsemi hafnarinnar. Munar þar mestu um áætlaðar auknar tekna vegna hækkaðs aflagjalds um 5% í 1,49% og meiri fjölda erlendra skemmtiferðaskipa. Viðhald og fjárfesting hefur verið dregið saman og draga á úr kostnaði við nokkra kostnaðarliði.

## 43 – Vatnsveita

Álagning hefur verið lækkuð úr 0,33% í 0,17%. Þannig lækkar afkoman en hækkar í staðinn af fasteignasköttum. Engar verulegar breytingar eru á milli ára en gert er ráð fyrir að á árinu 2012 verði farið í gæðakerfi fyrir Vatnsveituna. Gæðakerfi er nauðsynlegt og krafa stórra viðskiptavina að Vatnsveitan sé að vinna eftir gæðakerfi.

## 53 - Hlíf

Gert er ráð fyrir að málaflokkurinn Hlíf (þjónustuíbúðir) verði rekinn með 32 m.kr. tapi. Það samsvarar þeirri upphæð sem við erum að greiða í vexti og afskriftir í málaflokknum.

Búið er að taka mikið til í rekstrinum bæði í bókhaldi og í raun. Nokkrar deildir hafa verið færðar af málaflokknum yfir á Hlíf og þessi málaflokkur á nú að endurspegla þann kostnað sem sveitarfélagið leggur í vegna þjónustuíbúða fyrir aldraða bæði á Ísafirði og Þingeyri.

**53-11 Hlíf, þátttaka í rekstri**

Nýr lykill, heldur utan um þátttöku í rekstri. T.d. 0891 eru greiðslur íbúanna vegna starfsfólks í ræstingu, yfirstjórn og eldhúsi og alls kostnaðar í kringum framangreinda liði. Einnig millifærð þátttaka í sameiginlegum rekstri bæjarskrifstofu (hlutur íbúa), einnig kostnaður snjómoksturs og lóðar á sumrin og vöktunar á brunakerfi. Sem dæmi um útfærslu er lykill 11-9691 með 8,7 milljónir sem gjöld en bókast annars staðar sem tekjur s.s. á eldhús, 18-0741, á yfirstjórn, 53-71 og á bæjarskrifstofuna. Á 53-11-4981 eru gjöld vegna vöktunar á brunakerfi, áætluð útköll (eitt á mánuði) og vinna vegna lóðar. Ekki er um heildartölu að ræða heldur einungis hlut íbúa. Á lið 11-4991 bókast aðkeypt þjónusta frá FastÍs. Hver íbúð greiðir kr. 750,- á mánuði vegna þjónustu Fasteigna.

**53-12 Hlíf, Húsfélag Hlífar I**

Nýr, lykill, hlutur íbúða á Hlíf I í rafmagni og hita. Í framtíðinni er þessum lykli ætlað að halda utan um viðhald á öllu sem snýr að íbúðarhúsnæði á Hlíf I, þ.e. sameiginlegu rými. (t.d. póstkassar og teppi á göngum).

**53-13 Hlíf, Húsfélag Hlífar II**

Nýr lykill, hlutur íbúða á Hlíf II í rafmagni og hita. Þessi lykill mun einungis halda utan um framangreint.

**53-14 Hlíf, sameign allra**

Nýr lykill, heldur utan um Hlíf utanhúss. Því miður eru þarna þrjú húsfélög. Í fyrsta lagi þetta sem heldur utan um Hlíf utanhús en svo er húsfélag Hlífar 1 og Hlífar 2 sem sjá um allt innanhús. Því miður hafa íbúar ekki viljað sameina þetta í eitt félag.

**53-17 Hlíf, eldhús**

Nýr lykill, heldur utan um rekstur eldhússins. Frá 1. október 2011 hefur greiddum yfirvinnutímum í eldhúsi á Hlíf um helgar verið fækkað um fjóra tíma á helgi. Í stað 16 tíma eru nú greiddir 12 tímar, kr. 2.500.000,-

Ef greitt yrði fyrir framangreinda yfirvinnu með álagi myndi ofangreindur kostnaður á ársgrundvelli lækka um kr. 128.918,- en þá kæmi frítökuréttur á móti.
Niðurgreiðslum á mat til aldraðra og öryrkja hætt, kr. 1.650.000,-. **Samtals 4,1 milljónir.**

**53-18 Hlíf, þjónusturými**

Nýr lykill, heldur utan um alla starfsemi á Hlíf, aðra en yfirstjórn og eldhús. Leigutekjur utanaðkomandi aðila í húsinu, innri leiga þ.e. deildirnar sem Ísafjarðarbær rekur, millifærð hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sem eru tekjur sem teknar eru af 53-11 bókast þarna. Hlutur Ísafjarðarbæjar í rafmagni og hita bókast á þennan lykil. Stöðugildum í ræstingu á Hlíf fækkaði um 0,5 frá og með 1.

janúar 2011. Kostnaður vegna þess stöðugildis var um 1,3 milljónir. Í janúar 2012 fækkar stöðugildum á ný í ræstingu um 0,5, kr. 1.323.000,-. **Samtals 1.323.000,-**

**53-21 Hlíf, sameiginlegur rekstur**
Lykill aflagður. Kostnaður vegna sorphirðu hefur verið lækkaður um c.a. kr. 900.000,- á ári. Sú breyting átti sér stað í júlí 2011.

**53-22 Dagdeild aldraðra**
Lykill aflagður - nýr lykill 02-46

**53-24 Hlíf, eldhús**
Lykill aflagður - nýr lykill 53-17

**53-59 Dagdeild, Suðureyri**
Lykill aflagður - nýr lykill 02-47

**53-71 Hlíf, yfirstjórn**
Forstöðumaður í 100% stg. lét af störfum og deildarstjóri í heimaþjónustu tók við 30% starfi, c.a. 4.4 milljónir.

Gjaldskrá á Hlíf matur hækkar skv. tillögu félagsmálanefndar úr 751 kr í 853 kr. Það þýðir að við þurfum ekki að greiða fyrir matvæli, en áfram þurfum við að greiða laun.

Á næsta ári á að skoða hvort að hægt sé að gera þetta á hagkvæmari hátt. T.d. með samrekstri við HsVest.

Húsaleiga hækkuð um fimm prósent 1. janúar. Því til viðbótar um 4 þ.kr. á litlum íbúðum í janúar 4 þ.kr. í júlí og 4 þ.kr. 1. janúar 2013 skv. tillögu félagsmálanefndar. Þetta er gert til að samræma leigu á litlum og stórum íbúðum. Nú er leiguverð 1190 kr/fm. Skoða þarf hvort að hægt sé að binda leigu við vísitölu neysluverðs, líkt og hjá FastÍs.

| **Gjaldskrá** | **nú** | **1.jan** | **1.júl.12** | **1.jan.13** |
|---|---|---|---|---|
| Lítil | 41.500 kr. | 47.575 kr. | 51.575 kr. | 55.575 kr. |
| Stór | 65.364 kr. | 68.632 kr. | Óbr. | Óbr. |

## 57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Stjórn hefur ákveðið að hækka leigu um 5% að meðaltal umfram vísitölu í byrjun næsta árs. Það þarf að tilkynnast með 6 mánaða fyrirvara. Laun JBH fara úr 40% í 20%. Fjarðarstræti hefur verið selt og lækka leigutekjur sem því nemur.

Stærsti kostnaðarliðurinn eru vextir og verðbætur. Sem dæmi má nefna að áætlaðar verðbætur eru 75 m.kr. en húsaleigutekjur eru 85 m.kr.

Viðhald er hækkað úr 12 m.kr. í 15 m.kr.

## 61 - Fráveita

Gert er ráð fyrir að hagnaður fráveitu verði 13,3 m.kr. Búið er að lækka holræsagjald úr 0,3% í 0,24% en hækka fasteignaskatt á móti.
Engar sérstakar breytingar verða á Fráveitu Ísafjarðarbæjar, m.f. þjónusta bæjarskrifstofu hækkar um 2 millj.

## 63 - Funi

Þessi málaflokkur á að vera á núlli en á hann er bókfærður kostnaður við að eiga og reka fasteignina, tryggingar, fjármagn og afskriftir. Til að málaflokkur 08 Hreinlætismál sýni raunkostnað við hreinlætismál er hann gjaldfærður um kostnað á Funa og málaflokkurinn núllaður út.

## Fjárfestingar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir flestar þær framkvæmdir sem unnið var með við gerð fjárhagsáætlunar. Samtals 729 m.kr. Það er umfram fjárfestingargetu sveitarfélagins. Í fyrsta flokki eru framkvæmdir sem eru að fullu fjármagnaðar og fylgja tekjur að verulegu leyti. Þ.e. ofanflóðamannvirki og hjúkrunarheimili. Í öðrum flokki eru framkvæmdir sem ákveðið var að greiða á tveimur árum og er hlutur 2012 kominn þarna inn auk verkefna eins og tölvukaupa og hugbúnaðar sem er nauðsynlegur starfseminni. Jafnframt eru sett inn verkefni sem spara mikla vinnu s.s. hugbúnaður til að halda utan um lóðir í sveitarfélaginu og veðurstöð fyrir höfnina sem eykur líkur á því að skemmtiferðaskip vilji leggjast að í verri veðrum.

Yfirlit yfir fjárfestingar í áætlun..

| Málaflokkur | Fjárm. | M1 | M2 | Ísaf Allar | Ríki Allar | Samtals | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 32 | 150.000 | 0 | 0 | 150.000 | 0 | 150.000 | Hjúkrunarheimili |
| 32 | 15.000 | 0 | 0 | 15.000 | 135.000 | 150.000 | Snjóft.v. Gleiðarhjalla |
| 32 | 13.000 | 0 | 0 | 13.000 | 117.000 | 130.000 | Snjóft.v. Kubba |
| 32 | 0 | 12 000 | 0 | 12 000 | 0 | 12.000 | Hjallabyggð, SEY frá 2011 gatnagerð |
| 32 | 0 | 8.000 | 0 | 8.000 | 0 | 8.000 | Hugbúnaðarkaup og uppfærslusamningar (Microsoft,Navision,One System, IBM,Apple og fl.) |
| 32 | 0 | 4.000 | 0 | 4.000 | 0 | 4.000 | Tölvukaup |
| | 0 | 3.000 | 0 | 3.000 | 0 | 3.000 | Slökkvilið stjórnbúnaður |
| 29 | 0 | 2100 | | 2 100 | 0 | 2.100 | Kaup á hlutafé í Landskerfi bókasafna hf (Gegnir) |
| 42 | 0 | 1.200 | 0 | 1 200 | 0 | 1.200 | Veðurstöð og sjávarhæðarmælir |
| 32 | 0 | 1.000 | 0 | 1 000 | 0 | 1.000 | Nýtt kerfi á Tæknideild, Infrapad |
| 62 | 0 | | 35.000 | 35.000 | 0 | 35 000 | 2. áfangi Dalbrautar, holræsi og lagnir |
| 62 | 0 | | 30.000 | 30.000 | 0 | 30.000 | 2. áfangi Hlíðarvegur, Hallabrekka að Króksbrekku |
| 64 | 0 | 0 | 9.000 | 9 000 | 0 | 9.000 | Breyting á Funa í átt að flokkunarstöð |
| 42 | 0 | 0 | 1.250 | 1.250 | 3.750 | 5.000 | Endurnýjun innsiglingamerkja í Skutulsfirði |
| 42 | 0 | 0 | 26.400 | 26.400 | 39.600 | 66 000 | Endurnýjun stálþils á Suðureyri |
| 32 | 0 | 0 | 2.400 | 2.400 | 0 | 2.400 | Grenilundur (tunga) kantsteinn og gangstétt |
| 44 | 0 | 0 | 8.000 | 8 000 | 0 | 8.000 | Kranahús í Stórurð |
| 32 | 0 | 0 | 8.000 | 8.000 | 0 | 8.000 | Laga lóð við Grunnsk.á Suðureyri |
| 42 | 0 | 0 | 16.000 | 16.000 | 24 000 | 40.000 | Lagnir og þekja á Mávagarði |
| 32 | 0 | 0 | 3.000 | 3.000 | 0 | 3.000 | Leiktæki og fallv. við Grunnsk. á Suðureyri |
| 32 | 0 | 0 | 3.000 | 3.000 | 0 | 3.000 | Leiktæki og fallvarnir við Grunnskóla Önundarfjarðar |
| 32 | 0 | 0 | 8.000 | 8 000 | 0 | 8.000 | Lóðaframkvæmdir við Grunnskóla Önundarfjarðar |
| 42 | 0 | 0 | 1.000 | 1.000 | 0 | 1 000 | Pallavog á Þingeyri |
| 32 | 0 | 0 | 3.000 | 3.000 | 0 | 3.000 | Salthús á Þingeyri |
| 44 | 0 | 0 | 9.000 | 9 000 | 0 | 9.000 | Setja upp skjákerfi |
| 42 | 0 | 0 | 1.800 | 1.800 | 2.700 | 4.500 | Skábraut á Ísafirði |
| 32 | 0 | 0 | 2.000 | 2 000 | 0 | 2.000 | Stígur milli Hlíðarvegar og Hjallavegar |
| 32 | 0 | 0 | 4.000 | 4.000 | 0 | 4.000 | Tungubraut, gangstétt |
| 32 | 0 | 0 | 3.000 | 3.000 | 0 | 3.000 | Túngata, Suðureyri, gangstétt |
| 62 | 0 | 0 | 9.500 | 9.500 | 0 | 9.500 | Útrás Suðureyri |
| 44 | 0 | 0 | 5.500 | 5.500 | 0 | 5.500 | Vatnslögn frá Grænagarði út Seljalandsveg |
| | 178.000 | 31.300 | 188.850 | 398.150 | 322.050 | 720.200 | |